



**BS ritgerð**  
**í viðskiptafræði**

**Átökin Allir vinna og Leggur þú þitt af mörkum**  
**-báru þau árangur?**

Guðmunda Vilborg Jónsdóttir

Leiðbeinandi Ásmundur G. Vilhjálmsson, aðjúkt

Viðskiptafræðideild

Febrúar 2014



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Átökin Allir vinna og Leggur þú þitt af mörkum**  
**- báru þau árangur?**

Guðmunda Vilborg Jónsdóttir

Lokaverkefni til BS-gráðu í viðskiptafræði  
Leiðbeinandi: Ásmundur G. Vilhjálmsson, aðjúnkt

Viðskiptafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Febrúar 2014

Átökin Allir vinna og Leggur þú þitt af mörkum: báru þau árangur?

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS prófs við  
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2014 Guðmunda Vilborg Jónsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2014

## Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni í BS námi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands með áherslu á reikningshald. Vægi ritgerðarinnar eru 6 ECTS einingar.

Leiðbeinandi lokaverkefnisins var Ásmundur G. Vilhjálmsson, aðjúntkt við Háskóla Íslands og færi ég honum kærar þakkir fyrir veitta aðstoð.

Ég vil einnig koma á framfæri þakklæti til Bjarna Vals Guðmundssonar fyrir prófarkalestur á verkefninu.

Að lokum við ég þakka fjölskyldu minni kærlega fyrir allan stuðninginn, hvatninguna og umburðarlyndið sem þau hafa sýnt mér meðan á náminu stóð.

## Útdráttur

Athugað var hvort átökin Allir vinna og Leggur þú þitt af mörkum hafi borið árangur.

Átakið Allir vinna fór á stað sumarið 2010 en það voru stjórnvöld ásamt Samtökum iðnaðarins, VR og Samtökum verslunar og þjónustu sem stóðu að áttakinu. Markmið áttaksins var að upplýsa fólk um þær ívilnanir sem í boði voru fyrir þá sem hugðust fara í framkvæmdir á eignum sínum. Miklar breytingar urðu á Íslandi í kjölfar hrunsins 2008. Á vinnumarkaði var ástandið slæmt og atvinnuleysi rauk upp. Átakið var liður í því að hvetja fólk til framkvæmda og blása þannig lífi í atvinnulífið og auka neyslu. Sú hvatning sem var í boði var í formi endurgreiðslu á virðisaukaskatti ásamt tekjufrádrætti. Niðurstaðan var að átakið Allir vinna bar árangur, fjöldi umsókna um endurgreiðslu jókst talsvert eftir að átakið fór af stað.

Átakið Leggur þú þitt af mörkum fór á stað vorið 2011. Að því átaki stóðu ríkisskattstjóri (RSK), Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands. Markmið þess var að leiðbeina fyrirtækjum við tekjuskráningu, sporna við svartri atvinnustarfssemi og upplýsa um skyldur rekstraraðila. Svört atvinnustarfssemi hefur alltaf verið til staðar en eftir hrunið 2008 var hún meira áberandi. Framkvæmd áttaksins var háttað þannig að eftirlitshópar mættu á vinnustaði án þess að gera boð á undan sér. Upplýsingar um alla starfsmenn á vinnustaðnum voru skráðar niður. Ef einhver frávik reyndust vera frá réttri skráningu var brugðist við því með viðeigandi hætti. Niðurstaðan var að átakið Leggur þú þitt af mörkum bar aðeins árangur að hluta til. Þegar kom að svartri atvinnustarfssemi var það ekki nógu sterkt vopn í þeirri baráttu.

## Efnisyfirlit

Formáli .....	4
Útdráttur .....	5
Efnisyfirlit .....	6
Myndaskrá .....	7
Töfluskrá.....	7
1 Inngangur.....	8
2 Hrunið 2008 .....	9
3 Átakið Allir vinna.....	12
3.1 Um virðisaukaskatt.....	12
3.2 Endurgreiðsla virðisaukaskatts fram að lagabreytingu 2009.....	13
3.3 Lagabreytingar sem átakið byggir á .....	14
3.3.1 Lög nr. 10/2009 .....	14
3.3.2 Lög nr. 92/2010.....	15
3.4 Niðurstöður og árangur átaksins Allir vinna.....	15
4 Átakið Leggur þú þitt af mörkum?.....	20
4.1 Niðurstöður og árangur átaksins Leggur þú þitt af mörkum .....	22
4.1.1 Svört atvinnustarfssemi .....	24
5 Lokaorð .....	26
Heimildaskrá .....	27

## **Myndaskrá**

Mynd 1. Bygging íbúðarhúsa á öllu landinu árin 2002 – 2012. ....	10
Mynd 2. Atvinnuleysi á Íslandi árin 2002 – 2012.....	10
Mynd 3. Spurning 1.....	16
Mynd 4. Spurning 2.....	17
Mynd 5. Svör við spurningum 1 og 2. ....	18
Mynd 6. Fjöldi umsókna um endurgreiðslu á virðisauka árin 2002 – 2011. ....	19

## **Töfluskrá**

Tafla 1. Greining fyrir tímabilið 15. júní – 31. ágúst 2011. ....	22
Tafla 2. Mat á tapi vegna svartrar vinnu samkvæmt reiknilíkani RSK byggt á framtalsgögnum ársins 2009. ....	24

## 1 Inngangur

Hér verður fjallað um hvaða áhrif hrunið hafði á Íslandi og átökin Allir vinna og Leggur þú þitt af mörkum skoðuð.

Átakið Allir vinna fór á stað sumarið 2010 en það voru stjórnvöld ásamt Samtökum iðnaðarins, VR og Samtökum verslunar og þjónustu sem stóðu að áttakinu. Markmið áttaksins var að upplýsa fólk um þær ívilnanir sem í boði voru fyrir þá sem hugðust fara í framkvæmdir á eignum sínum. Miklar breytingar urðu á Íslandi í kjölfar hrunsins 2008. Á vinnumarkaði var ástandið slæmt og atvinnuleysi rauk upp. Átakið var liður í því að hvetja fólk til framkvæmda og blása þannig lífi í atvinnulífið og auka neyslu.

Átakið Leggur þú þitt af mörkum fór á stað vorið 2011. Að því átaki stóðu ríkisskattstjóri, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands. Markmið þess var að leiðbeina fyrirtækjum við tekjuskráningu, sporna við svartri atvinnustarfssemi og upplýsa um skyldur rekstraraðila. Svört atvinnustarfssemi hefur alltaf verið til staðar en eftir hrunið 2008 varð hún meira áberandi.

Stjórnvöld komu að einhverju leyti að báðum þessum átökum. Fjármögnun þeirra kom að hluta til úr ríkissjóði, skattþeningum okkar. Fjármagn er takmörkuð auðlind og því mikilvægt að huga vel að því í hvað það er sett. Nauðsynlegt er því að vita hvort þær aðgerðir sem stjórnvöld ráðast í skili einhverju til samfélagsins. Eru aðgerðirnar, Allir vinna og Leggur þú þitt af mörkum, sem fjármagnaðar eru af ríkissjóði að bera árangur?




## 2 Hrunið 2008

Í daglegu máli er talað um fall íslensku bankana, Glitnis, Landsbankans og Kaupþings, haustið 2008 sem „hrunið“. Efnahagsástandið hafði farið versnandi en það var gjaldþrot Lehman Brothers, fjárfestingabanka í Bandaríkjunum, sem kom snjóboltanum af stað sem hafði svo áhrif á íslensku bankana. Við gjaldþrot Lehman Brothers töpuðu íslensku bankarnir miklum fjármunum og skuldatryggingaálag bankana hækkaði (Guðni Th. Jóhannesson, 2009). Þann 6. október 2008 samþykkti alþingi lög nr. 125, neyðarlög sem heimila fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjámáلامarkaði. Fjármálaeftirlitinu var einnig veitt heimild til að taka yfir stjórn fjármálafyrirtækis. Lögini tóku gildi strax daginn eftir, 7. október 2008. Í kjölfar neyðarlaganna tók Fjármálaeftirlitið yfir Landsbankann, Glitni og Kaupþing (Ólafur Arnarson, 2009).

Árin fyrir hrunið einkenndust af uppsveiflu og góðæri. Farið var í stórar framkvæmdir sem kölluðu á innflæði erlends fjármagns og stuðluðu að gengisstyrkingu krónunnar. Kaupmáttaraukning varð og í kjölfarið jókst einkaneysla. Aukin neysla kallaði á meiri innflutning sem stuðlaði að meiri viðskiptahalla. Á bankamarkaði urðu sviptingar með einkavæðingu bankanna árið 2003. Bankarnir héldu sama lánshæfismati og þeir voru með þegar þeir voru í eigu ríkisins. Þeir höfðu góðan aðgang að erlendu lánsfé á lágum vöxtum og juku þeir útlán sín í erlendri mynt. Árið 2004 breytti Íbúðalánasjóður sínum útlánareglum og fylgdu bankarnir á eftir og byrjuðu að bjóða upp á fasteignalán til almennings. Vextir lækkuðu umtalsvert við þessa breytingu (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010).

Með rýmri útlánareglum og auknu framboði af fasteignalánnum á hagstæðum kjörum tók húsnæðismarkaðurinn kipp. Mikil aukning varð í byggingu íbúðarhúsnæðis eins og sést á mynd 1. Árið 2004 var byrjað að byggja 2.751 íbúð á landinu en árið 2005 var íbúðafjöldinn kominn í 4.393. Gerir það aukningu upp á 59,70% á milli ára (Hagstofa Íslands, 2013-a). Ástandið hjá iðnaðarmönnum var því gott, mikil uppsveifla var til staðar og höfðu þeir nóg að gera. Atvinnuleysi var mjög lágt á þessum árum, um 3%, og hélst það lágt fram að hruni (Hagstofa Íslands, 2013-b).


## Bygging íbúðarhúsa á öllu landinu árin 2002 - 2012



Mynd 1. Bygging íbúðarhúsa á öllu landinu árin 2002 – 2012.

Hrunið skall á haustið 2008 og hafði það mikil áhrif á iðnaðarmenn. Á mynd 1 sést að bygging íbúðarhúsnaðis hrundi árið 2009. Fjöldi íbúða sem byrjað var að byggja árið 2008 voru 3.172 íbúðir en árið 2009 var einungis byrjað á 192 íbúðum. Þetta er fækkun upp á 93,95% milli ára (Hagstofa Íslands, 2013-a). Margir iðnaðarmenn misstu vinnuna sína og urðu atvinnulausir. Gjaldprot fyrirtækja í byggingastarfssemi og mannvirkjagerð jukust á árunum eftir hrun (Hagstofa Íslands, 2013-c). Atvinnuleysi rauk upp frá því að hafa verið 3% árið 2008 í 7,2% árið 2009 og hélst það yfir 7% til ársins 2012. Á mynd 2 má sjá þróun atvinnuleysis á Íslandi frá árinu 2002 til ársins 2012.

## Atvinnuleysi á Íslandi árin 2002 - 2012



Mynd 2. Atvinnuleysi á Íslandi árin 2002 – 2012.

Mörg fyrirtæki gripu til þess ráðs að skerða laun eða vinnutíma starfsmanna til að reyna að komast hjá því að segja upp sínu fólki. Samkvæmt skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir ASÍ í júní 2009 kom í ljós að 54% iðnaðarmanna höfðu orðið fyrir skertum launakjörum af einhverju tagi (Capacent Gallup, 2009-a). Í niðurstöðum sömu könnunar kom í ljós að margir iðnaðarmenn voru hræddir um að missa vinnuna. 40% iðnaðarmanna töldu sig ekki vera með örugga atvinnu og að líkur væru á að þeir yrðu atvinnulausir (Capacent Gallup, 2009-b). Þegar litið er á niðurstöðu könnunarinnar í heild sinni kemur í ljós að iðnaðarmenn skera sig töluvert frá öðrum atvinnugreinum, hrúnið hefur leikið þá grátt.

Sökum ástandins á Íslandi var mikill fólksflótti hér á landi, sérstaklega á meðal iðnaðarmanna. Þeir sóttu aðallega til Noregs þar sem auðveldara var að fá vinnu. Eures, evrópsk vinnumiðlun, ásamt Vinnumálastofnun stóðu nokkrum sinnum fyrir starfakynningu hér á landi. Þá komu hingað til lands norsk fyrirtæki og kynntu sína starfssemi og óskuðu eftir starfsfólki. Atvinnurekendur í Noregi voru áhugasamir um að ráða til sín Íslendinga. Þeir töldu þá eiga auðvelt með að aðlagast norskri menningu og læra tungumálið þar sem það er ekki mjög frábrugðið íslenskri menningu og tungu. Íslenskir atvinnuleitendur fjölmenntu á þessar starfakynningar og margir fengu atvinnu í framhaldinu (Eures, 2011). Tölur Hagstofunnar sína að á árunum 2005 - 2008 var meðaltal brottfluttra Íslendinga frá Íslandi til Noregs 253 manns á ári. Þegar sömu tölur eru skoðaðar fyrir árin 2009 - 2012 þá er meðaltal brottfluttra Íslendinga til Noregs 1.462 manns á ári (Hagstofa Íslands, 2013-d).

### 3 Átakið Allir vinna

Í ljósi þess hvað hrúnið kom illa við byggingariðnaðinn, og reyndar atvinnumarkaðinn í heild sinni, ákváðu stjórnvöld að bregðast við og reyna að koma hjólum atvinnulífinn aftur af stað. Átakinu Allir vinna var hrundið af stað sumarið 2010, en markmið þess er að vekja athygli á tímabundinni breytingu á lögunum. Sú breyting felur í sér 100% endurgreiðslu af virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhús og sumarbústaði ásamt tekjufrádrætti. Stjórnvöld standa að átakinu ásamt Samtökum iðnaðarins, VR og Samtökum verslunar og þjónustu.

Markmið átaksins er að hvetja fólk til að fara í framkvæmdir á fasteignum sínum og þar með fjárfesta í vörum og þjónustu innanlands. Í kjölfar hrunsins sem varð árið 2008 var mikið um atvinnuleysi og átti átakið að hjálpa til við að auka atvinnu í byggingariðnaði. Mikil áhersla er lögð á að útrýma svartri atvinnustarfssemi og ýtir endurgreiðsla virðisaukaskatts ásamt tekjufrádrættinum undir að öll viðskipti séu uppi á borðinu og gefin upp til skatts (Allir vinna, e.d.).

#### 3.1 Um virðisaukaskatt

Virðisaukaskattur var settur á með lögum nr. 50/1988 og tók hann gildi 1. janúar 1990. Um leið féllu úr gildi lög um söluskatt nr. 10/1960.

Skatturinn er neysluskattur sem er innheimtur af sölu á öllum vörum og þjónustu innanlands. Í lögum er tæmandi listi yfir þær vörur og þjónustu sem undanþegin eru virðisaukaskatti og ef varan eða þjónustan kemur ekki fram þar þá er hún skattskyld. Skattþrepið eru tvö, 25,5% eða 7% en fram kemur í lögum hvaða vörur og þjónusta falla undir hvort skattþrepið fyrir sig. Rekstraraðilar sem eru að selja vörur og þjónustu þurfa að skrá sig á virðisaukaskrá og fá úthlutað virðisaukanúmeri.

Misjafnt er eftir umfangi rekstrarins hversu oft skatturinn er gerður upp en algengast er að það sé gert á tveggja mánaða fresti. Þá skilar rekstraraðili virðisaukaskattsskýrslu en þar er mismunurinn á útskatti og innskatti gerður upp. Útskattur er sú upphæð sem aðili hefur innheimt í virðisaukaskatt af þeim vörum eða þjónustu sem hann hefur selt. Innskattur er sú upphæð virðisaukaskatts sem rekstraraðili hefur greitt öðrum fyrir þær

vörur og þjónustu sem hann hefur keypt. Rekstraraðili greiðir því aðeins mismuninn á útskatti og innskatti til ríkissjóðs.

Með þessu móti greiðir fyrirtækið eingöngu virðisaukaskatt af verðmætaaukningunni sem hefur orðið innan fyrirtækisins, virðisaukanum, en þaðan er nafnið á skattinum dregið. Þetta kemur einnig í veg fyrir að sama vara eða þjónusta sé margsköttuð (RSK, e.d.-a).

### **3.2 Endurgreiðsla virðisaukaskatts fram að lagabreytingu 2009**

Í 42. grein laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er ákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hér verður aðeins fjallað um þá endurgreiðslu sem snýr að framkvæmdum vegna íbúðarhúsnæðis.

Þeir sem eru að byggja íbúðarhúsnæði eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts af þeirri vinnu sem þeir hafa greitt mönnum fyrir störf sem unnin eru á byggingarstað. Sama rétt eiga eigendur íbúðarhúsnæðis vegna viðhalds og endurbóta.

Hlutfall endurgreiðslunnar hefur ekki alltaf verið það sama. Þegar lögín tóku gildi 1. janúar 1990 var endurgreiðslan 100% af þeim virðisaukaskatti sem hafði verið greiddur. Með lögum nr. 86/1996 sem tóku gildi 1. júlí 1996 var hlutfallið lækkað niður í 60%. Sú lækkan átti eingöngu við endurgreiðslu vegna nýbygginga en endurgreiðsla vegna viðhalds og endurbóta var áfram 100%. Því var svo breytt með lögum nr. 149/1996 sem tóku í gildi 1. janúar 1997 þar sem endurgreiðsla vegna viðhalds og endurbóta var einnig lækkuð niður í 60% (Lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988).

Til að eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts þarf að leggja fram fullgilda reikninga frá þeim aðila sem selur þjónustuna. Endurgreiðslan takmarkast við vinnu iðnaðar- og verkamanna sem unnin er á staðnum en ekki á verkstæði. Vinna manna á vinnuvélum fellur ekki undir ákvæðið og er því virðisaukaskattur ekki endurgreiddur vegna vinnu af því tagi. Ekki er endurgreiddur virðisaukaskattur af efni.

Sótt er um endurgreiðslu í gegnum þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, eða fyllt út eyðublöð RSK 10.17, RSK 10.18 eða RSK 10.19 eftir því hvort um ræðir nýbyggingu eða endurbætur. Frumrit reikninga ásamt greiðslukvittun þurfa að fylgja með umsókninni og er nauðsynlegt að kostnaður vegna vinnu og efnis sé vel aðgreindur á reikningi. Hægt er að sækja um endurgreiðslu allt að sex ár aftur í tímann frá því að

réttur til endurgreiðslu stofnaðist en eftir það fellur rétturinn niður. Endurgreiðslur vegna nýbygginga eru greiddar á tveggja mánaða fresti en endurgreiðslur vegna endurbóta og viðhalds eru afgreiddar innan þrjátíu daga frá því að umsókn berst (RSK, e.d.-b).

Árið 2009 var gerð breyting á lögum um virðisaukaskatt með lögum nr. 10/2009. Bráðabirgðaákvæði var sett í löginn varðandi endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna byggingar eða framkvæmdar á fasteignum. Þetta ákvæði tók gildi 1. mars 2009 og fellur úr gildi 1. janúar 2015 að öllu óbreyttu. Þetta ákvæði rýmkar 42. grein laganna og gerir það að verkum að fleiri eiga rétt á endurgreiðslu ásamt því að endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskattsins hækkar í 100%. Átakið Allir vinna byggir að miklu leyti á þessu bráðabirgðaákvæði.

### **3.3 Lagabreytingar sem átakið byggir á**

#### **3.3.1 Lög nr. 10/2009**

Lög nr. 10/2009 tóku gildi 1. mars 2009 en í þeim fólst breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Bráðabirgðaákvæði var sett og átti það að gilda til 1. janúar 2011. Breytingin var á 42. grein laganna og fólst aðalega í þremur atriðum.

Í fyrsta lagi var endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhúsnæði hækkuð úr 60% í 100%. Þeir sem stóðu í framkvæmdum fengu nú allan virðisaukaskattinn sem þeir greiddu vegna vinnu endurgreiddan.

Í öðru lagi var ákvæðið víkkað þannig að endurgreiðslan á virðisaukaskatti náði nú einnig vegna byggingar eða endurbóta og viðhalds á frístundahúsum. Fram að þessu hafði endurgreiðslan aðeins átt við íbúðarhúsnæði og því fjölgaði þeim sem höfðu rétt á að sækja um endurgreiðsluna.

Fyrir lagabreytinguna átti endurgreiðsla virðisaukaskatt aðeins við um vinnu manna á byggingarstað svo sem iðnaðar- og verkamanna. Eftir breytinguna átti endurgreiðslan einnig við um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits. Vinna arkitekta, verkfræðinga og annarra sem koma að hönnun og eftirliti með byggingu íbúðarhúsnæðis eða frístundahúsnæðis féll nú undir rétt til endurgreiðslu.

Þetta bráðabirgðaákvæði hefur fjórum sinnum verið framlengt. Með lögum nr. 163/2010 var það framlengt til 1. janúar 2012, með lögum nr. 183/2011 var það

framlengt til 1. janúar 2013, með lögum nr. 146/2012 var það framlengt til 1. janúar 2014 og með lögum nr. 139/2013 var það framlengt til 1. janúar 2015. Að öllu óbreyttu mun ákvæðið því falla úr gildi 1. janúar 2015 og breytingarnar sem nefndar eru hér að ofan ganga til baka (Lög um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum nr. 10/2009).

### **3.3.2 Lög nr. 92/2010**

Lög nr. 92/2010, um breytingu á lögum nr. 90/2003, tóku gildi 16. júní 2010. Lögin fólu í sér frádrátt frá tekjuskattstofni fyrir þá sem höfðu greitt fyrir vinnu vegna endurbóta eða viðhalds á fasteignum sínum á árunum 2010 og 2011.

Tekjufrádrátturinn var þannig að við álagningu opinbera gjalda árin 2011 og 2012 var heimilt að draga frá tekjuskattstofni 50% af þeirri upphæð sem greidd hafði verið vegna vinnu án virðisaukaskatts. Hámark frádráttar var 200.000 kr. hjá einstaklingum en 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum. Hjá hjónum og samsköttuðum kom frádrátturinn til lækkunar á tekjuskattstofni þess sem var með hærri stofn.

Sækja þurfti um frádráttinn um leið og sótt var um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu og til að eiga rétt á þessum frádrætti þurfti greidd upphæð vegna vinnu að vera að lágmarki 50.000 kr. Til að umsóknin tæki gildi þurfti að vera búíð að skila inn fullgildum reikningum vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir sama verk ásamt launamiðum.

Þessi breyting á lögum var ekki framlengd og því var þessi tekjufrádráttur einungis í boði vegna framkvæmda á árunum 2010 og 2011 (Lög um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum nr. 92/2010).

### **3.4 Niðurstöður og árangur átaksins Allir vinna**


Lagabreytingarnar áttu að hvetja fólk til framkvæmda, bæði á íbúðarhúsnæði sínu eða frístundarhúsnæðum. Hvatningin var í formi endurgreiðslna á virðisaukaskatti og tekjufrádrætti. Forsenda þess að þessar ívilnanir virki sem hvatning til framkvæmda er að fólkið viti af þeim. Markmið átaksins Allir vinna var einmitt að vekja athygli á þessum ívilnunum.

Til að fá sýn á hvort átakið væri að skila árangri bað forsætisráðuneytið Capacent Gallup um að framkvæma fyrir sig könnun sumarið 2010. Markmið könnunarinnar var

að kanna hvort fólk hafði hug á að fara í framkvæmdir á eignum sínum og hvort það vissi af þeim tekjufrádrætti og endurgreiðslu á virðisaukaskatti sem voru í boði. Könnunin var netkönnun og var framkvæmd dagana 30. júní til 7. júlí 2010. Úrtakið var 1.189 manns, 16 ára og eldri, af öllu landinu og var svarhlutfallið 65,2%. Tvær spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur:

1. Ætlar þú eða þið á heimilinu að fara í einhverjar framkvæmdir á íbúðarhúsnæði eða sumarbústað á næstu 6 mánuðum?
2. Vissir þú að hægt er að fá skattaávilnanir og virðisaukaskatt af aðkeyptri vinnu að fullu endurgreiddan vegna framkvæmda við eigið íbúðarhúsnæði eða sumarbústað?

Í fyrri spurningunni mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika og voru hlutfallstölur því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki eftir fjölda svarenda. Svör þátttakenda má sjá á mynd 3.



**Mynd 3. Spurning 1.**


Um 38% þeirra sem tóku afstöðu ætluðu í framkvæmdir á næstu 6 mánuðum, ýmist á íbúðarhúsnæði sínu eða sumarbústað. Marktækur munur var á milli hópa ef horft var á aldur svarenda. Aldurshópurinn 35 ára til 54 ára var sá hópur þar sem flestir stefndu á framkvæmdir en fæstir í aldurshópnum 16 ára til 34 ára. Fjölskyldutekjur svarenda héldust í hendur við framkvæmdir. Flestir þeir sem voru með fjölskyldutekjur yfir 550.000 kr. á mánuði stefndu á framkvæmdir á eignum sínum á meðan flestir þeir sem



voru með undir 550.000 kr. á mánuði héldu að sér höndum. Ekki var marktækur munur milli hópa eftir búsetu, hún hafði því ekki áhrif þegar kom að framkvæmdum á eignum.

Í seinni spurningu könnunarinnar var spurt um hvort viðkomandi vissi af þeim ívilnunum sem átakið Allir vinna gekk út á að kynna, þ.e. að hægt væri að fá skattaívilnun og virðisaukaskatt að fullu endurgreiddan vegna framkvæmda á eigin eignum. Svör þátttakenda má sjá á mynd 4.

## 2. Vissir þú að hægt er að fá skattaívilnanir og virðisaukaskatt af aðkeyptri vinnu að fullu endurgreiddan vegna framkvæmda við eigið íbúðarhúsnæði eða sumarbústað?




### Mynd 4. Spurning 2.

Meirihluti svarenda vissu af þessum ívilnunum, eða 68,5%. Þegar niðurstöður eru skoðaðar er áberandi munur á milli aldurshópa en aðeins 21% svarenda í aldurshópnum 16 ára til 24 ára vissu af þeim ívilnunum sem í boði voru. Hlutfall þeirra sem vissu af þeim jókst svo samhlíða aldri svarenda, vitneskjan var meiri hjá þeim sem voru eldri. Ef hópar svarenda eru skoðaðir út frá fjölskyldutekjum sést að minnihluti þeirra sem eru með tekjur undir 250.000 kr. á mánuði vita af þessum ívilnunum. Mismunur á milli annarra tekjuhópa er ekki mjög mikill en meirihluti þeirra sem eru með tekjur yfir 250.000 kr. á mánuði vissu af þessum ívilnunum sem spurt var um. Ekki var marktækur munur á milli svarenda eftir búsetu.

Niðurstöður beggja spurningana má sjá á mynd 5. Þar sést að 80% þeirra sem ætla í framkvæmdir á íbúðarhúsnæði og 74% þeirra sem ætla í framkvæmdir á sumarbústaði sínum vita af þeim ívilnunum sem í boði eru. Aðeins 63% þeirra sem sáu ekki fram á að fara í neinar framkvæmdir vissu af þeim ívilnunum (Capacent Gallup, 2010).

## Svör við spurningum 1 og 2




Mynd 5. Svör við spurningum 1 og 2.

Þegar sótt er um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til ríkisskattstjóra þarf að fylla út eftirfarandi eyðublöð eftir því sem við á en þau má öll finna inni á vef ríkisskattstjóra, rsk.is.

- RSK 10.17 fyrir beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggingaraðila vegna vinnu á byggingarstað við nýbyggingu, endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði.
- RSK 10.18 fyrir beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptrar vinnu verktaka við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
- RSK 10.19 fyrir beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptrar vinnu vertaka við nýbyggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Ríkisskattstjóri heldur utan um fjölda umsókna og heildarupphæðir endurgreiðslna virðisaukaskatts fyrir hvert ár. Fjöldi umsókna á eyðublöðum RSK 10.17 og RSK 10.19 fækkuðu lítilsháttar á árunum eftir hrun en meðalupphæð hvernar umsóknar hækkaði töluvert. Þessar endurgreiðslur voru að mestu vegna nýbygginga og þessi þróun því í samræmi við ástandið á þeim markaði. Mestu breytinguna má sjá á umsóknum á eyðublaði RSK 10.18, en á því eyðublaði sækja einstaklingar um endurgreiðslu vegna endurbóta eða viðhalds á eignum sínum. Fjöldi umsókna jókst um 95% á milli árána 2008 og 2009, fór úr því að vera 6.696 umsóknir á ári í 13.027 umsóknir árið 2009. Meðalupphæð hvernar umsóknar lækkaði lítilsháttar árið 2009 en hækkaði aftur árið 2010 (RSK, e.d.-c). Á mynd 6 má sjá fjölda umsókna um endurgreiðslu á virðisaukaskatti á árunum 2002 til 2011.

## Fjöldi umsókna um endurgreiðslu á vsk árin 2002 - 2011



Mynd 6. Fjöldi umsókna um endurgreiðslu á virðisauka árin 2002 – 2011.

Breytingin sem gerð var á lögum um að hækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti úr 60% í 100% virðist skila sér í fjölgun umsókna um endurgreiðslu. Fleiri nýta sér þetta úrræði og fara í endurbætur og viðhald á eignum sínum. Markmið Allir vinna var að vekja athygli á þessari breytingu. Í ljósi þess hversu mikið umsóknum hefur fjölgað má draga þá ályktun að átakið hafi borið árangur.

## 4 Átakið Leggur þú þitt af mörkum?

Vorið 2011 var mikið fjallað um svarta atvinnustarfssemi og hvað væri hægt að gera til að bæta almennt siðferði í atvinnulífinu. Það var svo 14. júní 2011 sem samkomulag milli ríkisskattstjóra, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands var undirritað um að hefja tímabundið átak. Þetta átak fékk nafnið „Leggur þú þitt af mörkum?“ og hafði það að markmiði að leiðbeina fyrirtækjum við tekjuskráningu, sporna við svartri atvinnustarfssemi og upplýsa um skyldur rekstraraðila. Til að afmarka átakið var ákveðið að skoða aðeins fyrirtæki með ársveltu undir 1 milljarði króna. Átakið fólst í því að eftirlitsteymi, þar sem hver samstarfsaðili átti sinn fulltrúa, heimsóttu fyrirtæki og athuguðu hvort einhver frávik væru á þeim atriðum sem til skoðunar voru.

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

- Tekjuskráning og skil á virðisaukaskatti.
- Launa- og starfssamband fyrirtækja og starfsmanna.
- Réttindi og skyldur fyrirtækja og starfsmanna.
- Vinnustaðaskírteini þar sem það átti við.

Hvert frávik frá réttri framkvæmd var skipt niður í þrjú flokka eftir alvarleika fráviksins. Ef um minniháttar formgalla var að ræða voru gefin leiðbeinandi tilmæli þar sem leiðbeiningar voru gefnar um hvað þyrfti að laga. Ef um var að ræða verulega formgalla var málið skoðað nánar. Það var þá í höndum ríkisskattstjóra að skoða hvert mál betur, bregðast við og leiða það til lykta. Þriðji flokkurinn var rannsóknarmál, en þá hafði komist upp um skattsvik eða önnur refsiverð brot. Þau mál fóru þá beint í skattrannsókn eða urðu að kærumálum.

Þeir aðilar sem komu að átakanu ákváðu að skoða sérstaklega svarta atvinnustarfsemi. Allar upplýsingar sem snéru að svartri atvinnu voru því greindar sérstaklega og gerð góð skil í niðurstöðum átaksins.

Átakið fór fram á nokkrum tímabilum og var hvert tímabil greint fyrir sig og niðurstöður kynntar með útgáfu skýrslu. Fyrsta tímabilið var 15. júní 2011 til 31. ágúst 2011. Fjögur eftirlitsteymi voru að störfum þetta tímabil og voru þau með aðstöðu í

húsnæði ríkisskattstjóra. Þau heimsóttu 2.024 fyrirtæki um allt land og var heildarfjöldi starfsmanna þeirra 6.167 manns. Í ljós kom að 55,3% fyrirtækja voru með einhver frávik (ASÍ, SA og RSK, 2011).

Næsta tímabil var 18. október 2011 til 27. mars 2012. Helsta breytingin frá fyrra tímabili var að heimsóknir voru núna takmarkaðar við fyrirtæki staðsett á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum ásamt Suðurlandi og Vesturlandi. Aðeins eitt eftirlitsteymi var að störfum þetta tímabil og heimsótti það 689 fyrirtæki. Heildarfjöldi starfsmanna í þeim fyrirtækjum voru 2.022 manns. Fyrirtæki með frávik reyndust vera 47,9% og var það lækkun um 13,4% frá fyrra tímabili (ASÍ, SA og RSK, 2012-a).

Þriðja tímabilið var 10. júlí til 31. ágúst 2012. Talsverðar breytingar voru gerðar frá fyrri tímabilum á verklagi átaksins. Umfang þess var minna en áður og komu færri starfsmenn að verkefninu. Í þessum hluta átaksins var markhópurinn þrengdur frá því sem verið hafði. Það var ennþá afmarkað við fyrirtæki með ársveltu undir 1 milljarði króna en nú voru fyrirtæki í byggingar-, ferða-, og matvælaíðnaði sérstaklega athuguð. Í heimsóknum fram að þessu höfðu verið teknar niður upplýsingar og kennitölur starfsmanna og unnið úr þeim síðar. Þetta breyttist á þessu tímabili þar sem starfsmenn ríkisskattstjóra gátu nú haft með sér tölvu í heimsóknir til fyrirtækja sem var tengd við gagnagrunn RSK. Þetta leiddi til þess að hægt var að bregðast strax við þeim frávikum sem upp komu og afla frekari upplýsinga. Óhjákvæmilega var yfirferðin hægari af þessum sökum en á móti kom að hvert mál var skoðað dýpra. Heimsótt voru 108 fyrirtæki með 247 starfsmenn (ASÍ, SA og RSK, 2012-b).

Fjórða og síðasta tímabil var 4. júní til 31. ágúst 2013. Fyrirkomulag átaksins var með svipuðum hætti og áður hafði verið. Heimsótt voru 748 fyrirtæki um allt land með samtals 1.896 starfsmönnum. Áhersla var lögð á að skoða fyrirtæki í ferðaþjónustu en einnig voru fyrirtæki í byggingariðnaði heimsótt. Sú nýbreytni varð að eftirlitsteymin fóru nú einnig í kvöldheimsóknir á veitingastaði og skemmtistaði en það hafði ekki verið gert áður. Eins og á tímabilinu á undan voru starfsmenn RSK með tölvu með sér í heimóknum og voru því beintengdir við gagnagrunn RSK. Af þeim 748 fyrirtækjum sem heimsótt voru reyndust 332 þeirra vera með einhver frávik á þeim atriðum sem tekin voru til skoðunar. Í mars 2013 var gerð breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Með þeirri lagabreytingu var RSK heimilt að stöðva atvinnurekstur

hjá þeim atvinnurekendum sem sinntu ekki sínum skyldum samkvæmt 2. mgr. 15. gr eða 1. mgr. 19. gr. laganna. Þessu úrræði var aðeins hægt að beita ef að ítrekuð tilmæli um úrbætur höfðu ekki virkað (ASÍ, SA og RSK, 2013).

#### 4.1 Niðurstöður og árangur átaksins Leggur þú þitt af mörkum

Á fyrsta tímabili átaksins, 15. júní til 31. ágúst 2011, reyndust 55,3% fyrirtækja vera með einhver frávík frá þeim atriðum sem skoðuð voru. Í töflu 1 má sjá nánari greiningu á hverju atriði og hvernig frávikin voru flokkuð eftir alvarleika.

Tafla 1. Greining fyrir tímabilið 15. júní – 31. ágúst 2011.

Greining	Tekju- skráning		VSK skil		Svört vinna Staðgr.		Reiknað endurgjald af vinnu	
		%		%		%		%
Engin frávík	1.369	67,6%	1.727	85,3%	1.634	80,7%	1.684	83,2%
Frávík alls	655	32,4%	297	14,7%	390	19,3%	340	16,8%
1. Leiðbeinandi tilmæli	489	24,2%	165	8,2%	0	0,0%	15	0,7%
2. Nánari skoðun	119	5,9%	86	4,2%	66	3,3%	325	16,1%
3. Rannsóknarmál	47	2,3%	46	2,3%	324	16,0%	0	0,0%
Allir lögaðilar	2.024	100,0%	2.024	100,0%	2.024	100,0%	2.024	100,0%

Flest frávikin reyndust vera vegna tekjuskráningar. Í þeim frávikum var í flestum tilfellum veitt leiðbeinandi tilmæli en aðeins 2,3% þeirra voru flokkuð sem rannsóknarmál. Oftast var um að ræða vankunnáttu á tekjuskráningu en ekki vísitandi brot. Í 14,7% tilvika voru frávík vegna virðisaukaskattsskila. Í 46 tilvikum voru málin strax sett í rannókn en oftast voru veitt leiðbeinandi tilmæli. Alvarlegustu frávikin og þau sem oftast leiddu til rannsóknarmála voru vegna svartrar atvinnustarfssemi, en 19,3% fyrirtækja voru með frávík í þeim flokki. Í engu tilfelli þótti nóg að veita leiðbeinandi tilmæli og öll frávikin því skoðuð nánar eða sett beint í rannsókn. 16,8% fyrirtækja voru með frávík vegna reiknaðs endurgjalds, þar af voru 16,1% sem voru skoðuð nánar (ASÍ, SA og RSK, 2011).

Tímabilið 18. október 2011 til 31. mars 2012, kom að mörgu leyti betur út en fyrra tímabil. Hlutfall fyrirtækja sem reyndust vera með einhver frávík frá þeim atriðum sem voru til skoðunar voru 47,9% sem er fækkun um 13,4% frá því sem mældist áður. Mesta breytingin var í tekjuskráningu en þar fækkaði frávikum um 40% milli tímabila. Frávikum í virðisaukaskattsskilum fækkaði um 13% og frávikum sem tengdust svartri atvinnustarfssemi fækkaði um 6,7%. Eini flokkurinn þar sem frávík jukust á milli tímabila

var vegna reiknaðs endurgjalds. Þar reyndust 27,6% fyrirtækja vera með frávík en aðeins 16,8% fyrirtækja voru með frávík í þessum flokki áður (ASÍ, SA og RSK, 2012-a).

Á tímabilinu 4. júní til 31. ágúst 2013 hafði hlutfall fyrirtækja með frávík lækkað enn meira. Á því tímabili reyndust frávík vera hjá 44,4% fyrirtækja sem komu til skoðunar. Það er fækkun um 7,3% frá fyrra tímabili og ef skoðuð er niðurstaðan frá fyrsta tímabilinu er þetta fækkun um 19,7% (ASÍ, SA og RSK, 2013).

Niðurstöður átaksins sýna hversu nauðsynlegt er að auka fræðslu til rekstraraðila um hvernig standa eigi að réttri framkvæmd en þekkingarleysi var áberandi mikið. Breytingar á lögum, er varða rekstur, þarf að kynna betur fyrir rekstraraðilum til að innleiðing á þeim gangi sem best. Mjög mikilvægt er að hafa eftirlit með þeim þáttum sem til skoðunar voru. Ekki er nóg að veita eftirlit heldur þurfa að vera til úrræði sem hægt er að grípa til þegar rekstraraðilar bregðast ekki við tilmælum (ASÍ, SA og RSK, 2011). Þau úrræði skortir en með lagabreytingu sem gerð var með lögum nr. 42/2013 fékk ríkisskattstjóri vopn í bárattu sinni. Með lögnum var ríkisskattstjóra veitt heimild til að láta lögreglu stöðva rekstur fyrirtækis ef launagreiðandi hafði vanrækt skyldur sínar samkvæmt 2. mgr. 15 gr. eða 1. mgr. 19. gr. laga nr. 45/1987. Aðeins var þó heimilt að beita þessu úrræði eftir að hafa veitt fyrirtækinu ítrekuð tilmæli um úrbætur án þess að það hafi borið árangur (Lög um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 42/2013). Þetta úrræði er hægt að nota til að þrýsta á úrbætur hjá rekstraraðilum. Sumarið 2013 voru þremur fyrirtækjum veitt tilmæli um úrbætur en aðeins kom til stöðvunar á rekstri í einu tilfelli. Hin fyrirtækin gerðu viðeigandi úrbætur áður en til stöðvunar kom (ASÍ, SA og RSK, 2013).

Fjöldi fyrirtækja með frávík hefur farið fækkandi með hverju tímabilinu. Átakið hefur verið vel kynnt og ljóst er að það hefur forvarnargildi. Eftir að átakið fór af stað sýna gögn ríkisskattstjóra að aukning hefur verið í skráningu starfsmanna á staðgreiðsluskrá. Fyrirtæki hafa verið að skrá sig inn á launagreiðendaskrá og virðisaukaskrá í fyrsta skiptið ásamt því að gefa út löglega reikninga. Tekjuskráning fyrirtækja hefur farið fram og mörg þeirra hafa byrjað að gera upp sölu dagsins (ASÍ, SA og RSK, 2011).

Draga má þá ályktun út frá niðurstöðum að átakið Leggur þú þitt af mörkum hafi borið árangur að hluta til. Átakið bar árangur á öllum þeim þáttum sem til skoðunar voru fyrir utan svarta atvinnustarfssemi.

#### 4.1.1 Svört atvinnustarfssemi

Sérstök áhersla var lögð á svarta atvinnustarfssemi í áttakinu Leggur þú þitt af mörkum og því voru þær upplýsingar greindar sérstaklega. Í byrjun kom í ljós að 12% starfsmanna af þeim 6.167 sem skráðir voru niður reyndust ekki vera með uppgefnar tekjur. Mest var um svarta atvinnu á Vestfjörðum eða 18,5% en minnst var um svarta atvinnu á norðausturlandi eða 8,2%. Til að leggja mat á þær upphæðir sem tapast vegna svartrar atvinnu var ákveðið að byggja á gögnum frá árinu 2009 og notast við reiknilíkan ríkisskattstjóra. Miðað við þær forsendur var áætlað að um 13,8 milljarðar skiluðu sér ekki til réttara aðila. Í töflu 2 má sjá nánari útreikning á matinu. Af þeirri upphæð er það ríkissjóður sem tapar mest eða 45,3%, lífeyrissjóðirnir koma þar á eftir með 22,8%. Í áttakinu voru einungis skoðuð fyrirtæki með ársveltu undir einum milljarði króna. Svört atvinnustarfssemi reyndist vera áberandi mest hjá fyrirtækjum með ársveltu undir 150 milljónum króna, en 91% þeirrar svartrar atvinnu sem greindist var í fyrirtækjum sem falla þar undir (ASÍ, SA og RSK, 2011).

Tafla 2. Mat á tapi vegna svartrar vinnu samkvæmt reiknilíkani RSK byggt á framtalsgögnum ársins 2009.

Tekjubil í millj.kr	Fjöldi rekstraraðila	Samtals velta í millj.kr	Laun og ltgild í millj.kr	Launa-hlutfall	Svört vinna í millj.kr	Áætluð vantalin launatengd gjöld
0 - 1.000	18.753	809.489	192.623	23,8%	26.267	12.333
1.000 - 3.000	206	349.356	66.583	19,1%	??	
3.000 - 6.000	61	255.485	41.552	16,3%	??	
6.000 - 8.000	21	149.351	24.586	16,5%	??	
8.000 - 25.000	47	636.603	66.102	10,4%	??	
>25.000	17	1.030.237	50.779	4,9%	??	
	<b>19.105</b>	<b>3.230.520</b>	<b>442.226</b>	<b>13,7%</b>	<b>26.267</b>	<b>12.333</b>
			Áætlaður meðaltals virðisaukaskattur			1.476
			<b>Mat á töpuðum tekjum sem afleiðing á svartri vinnu</b>			<b>13.809</b>

Á tímabilinu 18. október 2011 til 27. mars 2012 reyndust 7,6% starfsmanna sem athugað var með í áttakinu vera í svartri atvinnu. Svört atvinna lækkaði því um 36,3% á milli tímabila átaksins.

Þegar svört atvinnustarfssemi var greind eftir atvinnugreinum kom í ljós að Bálkur I, rekstur gististaða og veitingarekstur, kom einna verst út. Byggingastarfssemi og mannvirkjagerð, bálkur F, reyndist vera með 17% starfsmanna í svartri atvinnu á tímabilinu 15. júní til 31. ágúst 2011. Alls voru skráðar niður 159 kennitölur og voru 27



starfsmenn ekki á launaskrá. Það hlutfall var komið niður í 3,9% á tímabilinu 18. október 2011 til 31. mars 2012. Skráðar voru niður 279 kennitölur og reyndust 11 starfsmenn vera í svartri atvinnu (ASÍ, SA og RSK, 2012-a).

Sumarið 2012, tímabilið 10. júlí til 31. ágúst, mældist svört atvinna 14,6%. Ástandið reyndist verst hjá þeim sem störfuðu við farþegaflutninga en þar voru 27,3% starfsmanna í svartri atvinnu. Í byggingariðnaði reyndust 18 manns af 40 vera í svartri atvinnu eða 22%. Ef það er borið saman við fyrri tímabil sést að þetta er versta niðurstaðan í starfsgreininni sem mælst hefur í áttakinu. Svört atvinnustarfssemi mældist mest hjá einyrkjum en um 69% þeirra sem reyndust vera í svartri atvinnu voru einyrkjar (ASÍ, SA og RSK, 2012-b).

Svört atvinnustarfssemi skaðar samfélagið í heild sinni. Fyrirtæki sem stunda óheiðarlegan rekstur greiða ekki skatta og gjöld í sameiginlega sjóði og ljóst er að samfélagið tapar háum upphæðum árlega sökum svartrar atvinnustarfssemi. Heiðarleg fyrirtæki ná ekki að keppa á sama grunni og þau fyrirtæki sem stunda svarta atvinnustarfssemi og skekkir það samkeppnisstöðu fyrirtækja. Til að svört atvinna geti þrífist þarf atvinnurekandinn að vera tilbúinn að greiða svört laun, starfsmaðurinn að vera tilbúinn að vinna svart og viðskiptavinurinn að stunda nóttalaus viðskipti. Til að ná árangri í að uppræta svarta atvinnu þarf að breyta viðhorfi samfélagsins í heild.

Í niðurstöðum átaksins sést að ekki hefur borið árangur í að uppræta svarta atvinnustarfssemi. Hlutfall þeirra sem stunduðu svarta atvinnu fór ekki minnkandi á milli ára. Það dró úr svartri atvinnu á veturna en hún var áberandi meiri yfir sumartímann. Átakið virðist ekki hafa haft forvarnargildi þegar kom að svartri atvinnu eins og það hafði á aðra þætti átaksins (ASÍ, SA og RSK, 2011). Átakið Leggur þú þitt af mörkum bar ekki árangur þegar kom að því að draga úr svartri atvinnustarfssemi.

## 5 Lokaorð

Stjórnvöld geta haft áhrif á samfélagið með aðgerðum sínum. Hér hafa tvö átök stjórnvalda verið kynnt og athugað hvort þau hafi borið árangur.

Átakið Allir vinna hafði það markmið að kynna breytingar sem stjórnvöld gerðu á lögum til að hvetja til framkvæmda. Í kjölfar hrunsins dróst neysla saman og fólk hélt að sér höndum. Vinnumarkaðurinn kom ekki vel út úr hruninu og atvinnuleysi var mikið. Byggingariðnaðurinn var þar engin undantekning og var mikið um uppsagnir og gjaldþrot. Stjórnvöld ákváðu að bregðast við þessu ástandi hjá iðnaðarmönnum með að hvetja til framkvæmda. Hvatningin var í formi endurgreiðslu á virðisaukaskatti og skattaívilnana og átakið Allir vinna var kynning á þeirri hvatningu. Tölur frá ríkisskattstjóra sýna að fjöldi umsókna um endurgreiðslu á virðisaukaskatti hefur aukist umtalsvert eftir að endurgreiðslan hækkaði úr 60% í 100%. Upphæðir endurgreiðslna hafa einnig hækkað. Átakið Allir vinna bar árangur, fólk vissi af þeim ívilnunum sem í boði voru og hvatti það til framkvæmda.

Átakið Leggur þú þitt af mörkum hafði annað markmið en Allir vinna. Markmið þess var að sporna við svartri atvinnustarfssemi ásamt því að leiðbeina fyrirtækjum við tekjuskráningu og upplýsa um skyldur þess. Mikið hafði borið á svartri atvinnustarfssemi eftir hrun og siðferði í atvinnulífinu almennt mátti bæta. Framkvæmd átaksins var háttað þannig að eftirlitshópar mættu á vinnustaði án þess að gera boð á undan sér. Upplýsingar um alla starfsmenn á vinnustaðnum voru skráðar niður. Ef einhver frávik reyndust vera frá réttri skráningu var brugðist við því með viðeigandi hætti. Ljóst er að skráningar starfsmanna á staðgreiðsluskrá hafa aukist ásamt skráningum fyrirtækja á virðisaukaskrá og launagreiðendaskrá eftir að átakið byrjaði. Skráð frávik í átakinu fóru einnig minnkandi á milli tímabila. Áætla má að átakið hafi forvarngildi og hafi að hluta til borið árangur. Svört atvinna fór ekki minnkandi á milli ára eins og aðrir þættir sem til skoðunar voru. Þegar kemur að svartri atvinnustarfssemi bar átakið ekki árangur.

Svört atvinnustarfsemi er enn plága í okkar samfélagi og samfélagið verður af miklum fjármunum árlega vegna þess. Ljóst er að átak eins og Leggur þú þitt af mörkum er ekki rétta vopnið í þeirri baráttu.

## Heimildaskrá

Allir vinna. (e.d.) Sótt 22. janúar 2013 af: <http://allirvinna.is/um-allir-vinna>

ASÍ, SA og RSK. (2011). Sótt 24. maí 2013 af:

[http://asi.is/Portaldata/1/Resources/documents/asi\\_sa\\_rsk\\_2nov2011\\_sign\\_\(3\).pdf](http://asi.is/Portaldata/1/Resources/documents/asi_sa_rsk_2nov2011_sign_(3).pdf)

ASÍ, SA og RSK. (2012-a). Sótt 24. maí 2013 af:

[http://skirteini.is/files/8013/6172/0166/asi\\_sa\\_rsk\\_18mai\\_undirritad.pdf](http://skirteini.is/files/8013/6172/0166/asi_sa_rsk_18mai_undirritad.pdf)

ASÍ, SA og RSK. (2012-b). Sótt 24. maí 2013 af:

[http://skirteini.is/files/9413/6172/1155/samantekt\\_leggur\\_\\_itt\\_af\\_mrkum\\_\\_okt\\_2012\\_lokaeintak\\_hvs.pdf](http://skirteini.is/files/9413/6172/1155/samantekt_leggur__itt_af_mrkum__okt_2012_lokaeintak_hvs.pdf)

ASÍ, SA og RSK. (2013). Sótt 28. nóvember 2013 af:

[http://skirteini.is/files/8113/8557/4532/ASI\\_RSK\\_SA\\_22nov2013.pdf](http://skirteini.is/files/8113/8557/4532/ASI_RSK_SA_22nov2013.pdf)

Capacent Gallup. (2009-a). Sótt 8. apríl 2013 af:

<http://asi.is/Portaldata/1/Resources/documents/Capacent1.pdf>

Capacent Gallup. (2009-b). Sótt 8. apríl 2013 af:

<http://asi.is/Portaldata/1/Resources/documents/Capacent2.pdf>

Capacent Gallup. (2010). *Framkvæmdir og vitund um endurgreiðslu á vsk júní-júlí 2010*.

Reykjavík: Capacent Gallup.

Eures. (2011). Sótt 8. apríl 2013 af: [http://www.eures.is/um-](http://www.eures.is/um-eures/frettir/nr/1641/islenskir-atvinnuleitendur-fjarsjodur-fyrir-norskt-atvinnulif/)

[eures/frettir/nr/1641/islenskir-atvinnuleitendur-fjarsjodur-fyrir-norskt-atvinnulif/](http://www.eures.is/um-eures/frettir/nr/1641/islenskir-atvinnuleitendur-fjarsjodur-fyrir-norskt-atvinnulif/)

Guðni Th. Jóhannesson. (2009). *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*.

Reykjavík: JPV útgáfa.

Hagstofa Íslands. (2013-a). *Bygging íbúðarhúsa á öllu landinu 1970-2012*. Sótt 18. mars 2013 af:

<http://www.hagstofan.is/?PageID=670&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=IDN03001%26ti=Bygging+%EDb%FA%F0arh%FA%F0asa+%E1+%F6llu+landinu+1970%2D2012+%26path=../Database/idnadur/byggingar/%26lang=3%26unit s=Fjöldi/rúmmetrar>

Hagstofa Íslands. (2013-b). *Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi – árstölur 1991 – 2012*. Sótt 18. mars 2013 af:

<http://www.hagstofan.is/?PageID=2594&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=VIN01002%26ti=Atvinnu%FE%E1tttaka%2C+atvinnuleysi%2C+vinnut%EDmi+og+fj%F6ldi+starfandi+%2D+%E1rst%F6lur+1991%2D2012+++%26path=../Database/vinumarkadur/rannsoknir/%26lang=3%26units=Fjöldi/hlutfall>

Hagstofa Íslands. (2013-c). *Gjaldþrot fyrirtækja eftir mánuðum og bálkum atvinnugreina 2008-2013*. Sótt 18. mars 2013 af:

<http://www.hagstofan.is/?PageID=2595&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=FYR03001%26ti=Gjald%FErot+fyrirt%E6kja+eftir+m%E1nu%F0um+og+b%E1lkum+atvinnugreina+2008%2D2013%26path=../Database/fyrirtaeki/gjaldthrot/%26lang=3%26units=Fjöldi>

Hagstofa Íslands. (2013-d). *Búferlaflutningar milli landa eftir kyni og ríkisfangi 1961-2012*. Sótt 8. apríl 2013 af:

<http://www.hagstofan.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN01400%26ti=B%FAferlaflutningar+milli+landa+eftir+kyni+og+r%EDkisfangi+1961%2D2012++++%26path=../Database/mannfjoldi/Buferlaflutningar/%26lang=3%26units=Fjöldi>

Lög um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum nr. 10/2009

Lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988

Lög um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum nr. 92/2010

Lög um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 42/2013

Ólafur Arnarson. (2009). *Sofandi að feigðarósi*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir, 1. bindi*. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.

RSK. (e.d.-a). Sótt 9. febrúar 2013 af:

<http://www.rsk.is/atvinnurekstur/virdisaukaskattur/>

RSK. (e.d.-b). Sótt 9. febrúar 2013 af: <http://www.rsk.is/einstaklingar/skattar-og-gjold/virdisaukaskattur/>

RSK. (e.d.-c). Sótt 9. febrúar 2013 af: <http://www.rsk.is/fagadilar/stadtolur-skatta/virdisaukaskattur/nr/351>